

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði, og Lýðskólinn á Flateyri (hér eftir nefndur „Lýðskólinn“), kt. 490317-0230, Eyrarvegi 12, Flateyri, gera með sér svohljóðandi

Samning um styrk til reksturs Lýðskólans

1. gr.

Markmið samningsins

Lýðskólinn á Flateyri hóf kennslu haustið 2018, með það að markmiði að skapa nýjan og nánast óþekktan valkost í íslensku menntakerfi og skapa mikilvæga viðbót við mannlíf og möguleika á Flateyri og í nærsveitum. Byggt er á hugmyndafræði lýðskóla með áherslu á mannrækt, listsköpun, sjálfbærni, þjálfun og persónuleg gildi menntunar sem slíkrar.

Aðilar samnings þessa eru sammála um að vinna saman að rekstri skólans næstu þrjú skólaár frá 2020-2023.

Í samningi þessum verður tilgreindur stuðningur Ísafjarðarbæjar við Lýðskólann á samningstíma. Skólastarf skólaársins hefst í september og lýkur í maí, með hefðbundnum jóla- og páskafríum.

2. gr.

Framlag Ísafjarðarbæjar til Lýðskólans á Flateyri

Ísafjarðarbær skuldbindur sig til að:

- a) Veita Lýðskólanum fjárstyrk samkvæmt neðangreindu:
 - Skólaárið 2020 – 2021 kr. 9.000.000,- þ.e. haustmisseri kr. 2.500.000 / vormisseri kr. 6.500.000.
 - Skólaárið 2021 – 2022 6.000.000,- þ.e. haustmisseri 1.000.000,- / vormisseri 5.000.000,-
 - Skólaárið 2022 – 2023 3.000.000,- þ.e. haustmisseri 1.000.000,- / vormisseri 2.000.000,-

Lýðskólinn skal senda rafræna reikninga vegna styrkjanna. Reikningur skal berast að lágmarki tveimur vikum fyrir greiðsludag.

- b) Hafa milligöngu um að skólinn geti keypt máltíðir af þeim matráði sem Ísafjarðarbær kaupir aðrar skólamáltíðir af á Flateyri.
- c) Veita Lýðskólanum styrk fyrir afnotum að Félagsheimilið á Flateyri sem aðstöðu til kennslu, viðburða og annars á vegum Lýðskólans. Lýðskólinn skal sjá um utanumhald á starfsemi Félagsheimilisins, skráningu viðburða á vegum annarra sem það vilja nota, þrif á húsinu og tryggja að það sé snyrtilegt. Áætlaður styrkur er kr.2.000.000 pr. ár.- sem fer í að greiða fyrir afnot af félagsheimilinu.
- d) Leggja til vinnuframlag eins starfsmanns Ísafjarðarbæjar sem stjórnarmann Lýðskólans á Flateyri, eftir því sem þurfa þykir. Áætlaður styrkur er kr.400.000. pr. ár
- e) Veita Lýðskólanum styrk fyrir afnotum að íþróttamiðstöðinni, sundlaug eða íþróttasal á Flateyri, alls 10 klukkustundir í viku, vegna skipulagðrar íþróttastarfsemi og viðburða á vegum skólans, að því gefnu að það stangist ekki á við aðra starfsemi íþróttahússins. Aðgangurinn er aðeins ætlaður nemendum og starfsfólki Lýðskólans. Áætlaður styrkur er kr.1.600.000.pr. ár. sem fer upp í greiðslu á afnotum á umræddum eignum Ísafjarðarbæjar.

3. gr.

Framlag Lýðskólans á Flateyri til samningsins

Lýðskólinn mun í tengslum við samning þennan:

- a) Tiltaka Ísafjarðarbæ sem einn af bakhjörllum Lýðskólans. Sem bakhjarli verður Ísafjarðarbæ getið í markaðs- og kynningarefni skólans. Ísafjarðarbær verður nefndur í tengslum við fjölmiðlaumfjöllun, í fréttatilkynningum og verður hampað á viðburðum á vegum skólans þegar hæfa þykir.
- b) Veita Ísafjarðarbæ aðgang að upplýsingum um stöðu Lýðskólans ef Ísafjarðarbær óskar þess, hvort sem um er að ræða fjárhagslega stöðu eða vegna annarrar starfsemi.
- c) Heimila Ísafjarðarbæ að tilnefna einn aðila í stjórn félagsins á meðan samningur þessi er í gildi.

4. gr.

Gildistími

Samningur þessi gildir til 31. maí 2023.

5. gr.

Annað.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Ísafjörður,

2021

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Lýðskólans á Flateyri

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala